

## Háskólaráð

**Mætt:** Vilhjálmur Egilsson rektor, Dagný Kristinsdóttir framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu, Helga Kristín Auðunsdóttir fulltrúi kennara (Skype), Njörður Sigurjónsson fulltrúi kennara (Skype), Jón Snorri Snorrason fulltrúi kennara (Skype), Erna Kaaber fulltrúi meistaranema (Skype), Hafdís Jóhannsdóttir fulltrúi grunnema, Ragnheiður Sigurgeirsdóttir varamaður Leifs Finnbogasonar, Hafsteinn Sæmundsson fjármálastjóri (áheyrnarfulltrúi).

**Áheyrnarfulltrúar:** Stefán Kalmansson gæðastjóri

**Fjarverandi:** Leifur Finnbogason fulltrúi grunnema, Sigurður Baldvin Friðriksson fulltrúi Háskólagáttar.

Gestur fundarins var Margrét Jónsdóttir Njarðvík viðtakandi rektor

### Dagskrá:

#### 1. Fundargerð síðasta fundar

Geymt til næsta fundar.

#### 2. Spjall við Margréti Jónsdóttur Njarðvík, viðtakandi rektor.

Rektor býður Margréti velkomna á fund Háskólaráðs.

Margrét kynnir sig. Segist ætla að hlusta næstu mánuðina og fá tilfinningu fyrir starfinu. Er ráðin frá 1.júní en ætlar að nota vormánuðina til að hitta starfsfólk, mynda sér skoðanir og kynnast starfinu. Hvetur fólk til að panta samtal hjá sér í gegnum netfangið [margret@bifrost.is](mailto:margret@bifrost.is)

#### 3. Fjármál

HS kynnir 11 mánaða uppgjör, jan- nóvember 2019.

Reksturinn er í takt við áætlanir. Skólagjöld voru hærri en gert var ráð fyrir, þar sem fleiri nenemdur skráður sig í skólann. Að sama skapi er launakostnaður hærri, þar sem boðið var upp á fleiri námskeið.

#### 4. Samskipti við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun vegna íbúðarhúsnæðis.

HS átti fund ásamt Leifi með fulltrúum HMS í desember. Málin rædd. Ákveðnar hugmyndir lagðar fram, en ekki tímabært að ræða við þær. Boltinn er hjá HMS.

#### 5. Gæðamál

SK fer yfir verkefni vetrarins, að vinna efni í sjálfsmatsskýrslu. Verklplan í gangi sem vinnuhópurinn vinnur eftir. Stefnt að því að koma drögum að skýrslu eftir mánuð. Það sem skiptir mestu máli að er að horfa til framtíðar, hvað við ætlum að leggja áherslu á til að auka gæði skólans, sérstaklega m.t.t. náms og kennslu.

Rætt um framtíðarsýn sem þarf að leggja áherslu á í nefndinni. T.d. auka aðstöðu nemenda, að þeir geti komið og verið á staðnum í lengri og styttri tíma til að vinna að sínum verkefnum eða læra.

Hugmynd að því að Símenntun verði meira á háskólastigi, svipað og opna námið.

## 6. Samstarfið við Kaospilot og Hjallastefnuna

DK fer yfir stöðuna í samstarfi Kaospilot og Hjallastefnunnar. Simon frá Kaospilot kom til landsins í byrjun janúar og voru tveir vinnudagar þar sem drögin voru undirbúin. Simon er með drögin og er að teikna upp drög að námslínu. Þau verða lögð fyrir deildarráð Viðskiptafræðideildar um næstu mánaðamót. Þar sem máli skiptir að fara eftir gæðafærli skólans við uppbyggingu á nýjum námslínunum.

VE fór einnig yfir samstarf við European Business Factory (EBF) – taka spánska menntastofnun sem kennir á háskólastigi, undir okkar verndarvæng. Gera þeirra nám sem deild hjá okkur. Þeir eru sjálfstæð stofnun en útskrifa nemendur í gegnum okkur.

## 7. Aðalfundur Háskólans á Bifröst 7. maí.

VE segir að líða fari að *Háskólaráð* þurfi að fara að tilnefna í stjórn skólans og fulltrúaráð. VE fer yfir mönnun í stjórn eins og hún lítur út í dag. Háskólaráð þarf að tilnefna einn stjórnarmann og einn til vara.

*Fulltrúaráð* er æðsta vald í skólanum ásamt stjórn. Afgreiðir breytingar og skipulag, samþykkir ársreikning. Helmingur stjórnarmanna tilnefndur til þriggja ára. Í ár þarf að tilnefna einn aðalmann og einn til vara. Fulltrúaráð fundar eftir þörfum.

## 8. Önnur mál

VE hefur verið að skoða Grænbók Mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Kynnir Lykilviðfangsefni og umsögn skólans um bókina. T.d. þyrfti fjármögnunarlíkan að vera eftir föstu framlagi og rannsóknarafköstum. En þau þyrfti að miða við hvern skóla fyrir sig.

Hafdís - ræðir um vinnuhelgi grunnnema sem var um sl. helgi. Upplifir mikla jákvæðni og finnur fyrir breytingu á vinnuhelgunum, t.d. af hálfu kennara. Nemendur finna fyrir því að kennarar eru að leggja sig fram. Stjórn nemendafélagsins hefur staðið sig vel. Breytingar í stjórn nemendafélagsins sem eru í vinnslu.

## Fundi slitið kl. 15.44

Dagný Kristinsdóttir ritar fundargerð.